




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Hamrar

2024 – 2025



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglíngar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	4
3	Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	6
4	Innra mat deildar/deilda 2023-2024	10
4.1	Álfaberg.....	10
4.2	Dvergasteinn	13
4.3	Hulduhóll.....	15
4.4	Tröllabjarg	20
5	Innra mat sérkennslu.....	23
5	Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	25
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	27
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	28
8	Foreldrasamvinna	29
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	29
10	Fylgiskjöl	30
10.1	Umsögn foreldraráðs.....	30
	Fylgiskjal 10.2. Endurmat á tónlistastundum	31





1 Greinargerð leikskólastjóra

Starfsárið 2023-2024 hefur gengið mjög vel. Leikskólastjórinn Erna Jónsdóttir sagði upp störfum og hætti þann 1.maí, Erna hefur verið leikskólastjóri Hamra síðan hann opnaði árið 2001. Nýr leikskólastjóri Guðmunda Júlía tók til starfa þann 16.apríl.

Unnið var með náttúrulega kennslu og verður unnið með það verkefni áfram í vetur en árið 2023 fékk leikskólinn boð um að vera þátttakendur í þróunarverkefni og rannsókn með Austurmiðstöð ásamt leikskólanum Hulduheimum og nemum frá Háskóla Reykjavíkur um að innleiða Náttúrulega kennslu. Um áramót sótti leikskólinn um styrk úr þróunar- og nýsköpunarsjóði skóla- og frístundaráðs vegna innleiðingar menntastefnu Reykjavíkur árið 2024 sem hann fékk. Þessi vinna verður áframhaldandi sem rauður þráður í vinnu vetrarins á öllum deildum.

Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri sóttu námskeið varðandi innleiðingu Betri borg fyrir börn. Verkefnið er umfangsmikið en engu að síður mjög gagnlegt. Við erum að vinna að því að skipa lausnateymi til að vinna með það. Við í Hömrum viljum vinna verkefnið þannig að það nýtist börnunum sem best.

Niðurstöður starfsmannakönnunnar komu almennt vel út í Hömrum. Kjaramál starfsmanna skoruðu lægst en almennt séð var mikil ánægja með starfsumhverfi og stjórnun. Í starfsmannaviðtölum kom mjög vel fram að mikil ánægja er í starfshópnum í leikskólanum og góður andi í húsinu. Það er okkar stefna að halda í góðan og jákvæðan anda svo öllum líði vel.

Unnin verður ný skólanámskrá ásamt deildarnámskrám fyrir deildarnar í vetur, mun sú vinna fara fram á deildarstjórafundum og skipulagsdögum og koma allir starfsmenn til með að taka þátt í þeirri vinnu.

Nýtt skólaár leggst vel í okkur, Hamrar er orðin rótgróinn leikskóli og hefur gott orðspor á sér og gerum við allt til að halda í okkar hefðir og menningu. Okkar stefna er að halda í okkar gildi sem við höfum sett okkur sem eru Virðing, samvinna og jákvæðni.





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Hvað var metið?	Sumarfrí
Hvernig fór matið fram?	Könnun á netinu
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allir starfsmenn og foreldrar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Að allir hafi sitt að segja með það sem er verið að kjósa um

Hvað var metið?	Rýnihópur
Hvernig fór matið fram?	Á fundum eftir hvern atburð
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Einn starfsmaður af hverri deild
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Hver kemur sem rödd sinnar deildar og endur- metur uppákomudaga og annað sem er verið að gera í leikskólanum.

Hvað var metið?	Stytting
Hvernig fór matið fram?	Kosning
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Almenn sátt með fyrirkomulag í styttingu

Ytra mat

Foreldrakannanir:

Leikskólinn sendi foreldrum í janúar rafræna könnun varðandi sumarfríð næsta sumar. Tilgangurinn var sá að fá foreldra til þess að vera með í ákvörðunartöku um hvenær sumarfrí leikskólans ætti að vera. Foreldrar gátu valið um tvö tímabil, júní til júlí og júlí til ágúst. Þátttaka var góð og var niðurstaðan sú að leikskólinn yrði lokaður frá 10. júlí til 7. ágúst.





Umbætur:

- Senda út fleiri skoðanakannanir til foreldra um leikskólastarfið
- Daglegt spjall um framfarir/starf barnsins í leikskólanum á hverjum degi
- Foreldrar hafa óhindraðan aðgang að deildarstjóra. Foreldrar geta alltaf óskað eftir samtali. Foreldraviðtöl verða þannig í vetur að við tökum eitt viðtal í kringum afmæli barnsins, þar sem rætt er líðan/framfarir barnsins ásamt næstu skrefum barnsins í leikskólanum.
- Gefa út lítinn bækling í haust 2025 þar sem farið er yfir gildi og stefnu leikskólans.
- Foreldrar eru óánægðir með það að heimsíðu leikskólans var lokað. Ekki nógar upplýsingar um leikskólastarfið á heimasvæði.

Reykjavíkurborg sendi könnun til allra starfsmanna. Leikskólinn Hamrar er að koma nokkuð vel út úr þeirri könnun.

Umbætur:

- Jöfn staða kvenna sem karla til vinnu
- Hafa hópefli fyrir alla starfsmenn
- Hafa sveigjanleika til vinnu, stytting

Hvað var metið?	Foreldrakannanir
Hvernig fór matið fram?	Með skoðanakönnunum og í daglegu spjalli um leikskólann
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Foreldrar og starfsfólk
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Foreldrar séu með í að taka ákvarðanir í starfi leikskólans. Fá sendar tvær kannanir yfir árið. Senda könnun um hvenær á að hafa sumarleyfi og eins ef eitthvað kemur upp í leikskólanum sem við viljum að foreldrar taki þátt í

Hvað var metið?

Könnun á vegum Reykjavíkurborgar





Hvernig fór matið fram?	Könnun send rafrænt á allt starfsfólk
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk leikskólans
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Til að kanna líðan starfs- fólks í vinnunni.

3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Náttúruleg kennsla

Markmið:

- Innleiða uppeldisstefnu um náttúrulega kennslu inn í allt starf leikskólans
- Að allt starfsfólk og börn noti sömu frasana í samskiptum, sem einkennast af virðingu.
- Kenna þeim lykilfrasa sem nýtist í samskiptum og erfiðum aðstæðum
- Að skapa sameiginlega sýn og stefnu á samskipti, til þess að auka vellíðan barna og starfsmanna.

Umbótapáttur:

Að allt starfsfólk sé samstíga og noti sömu frasa/setningarnar með börnunum, t.d við matarborðið, í fataklefanum og í leik og starfi barnanna.

- Gefa börnunum orð eins og Hjálpa. Fiskur. Smjör ofl.
- Fá frá börnunum setningar eins og má ég fá brauð, smjör, má ég leika með, má ég vera mamman o.fl


Ákváðum að agastefna Hamra og náttúruleg kennsla myndu renna saman í eitt verkefni sem hlýtur nafnið náttúruleg kennsla.

Náttúruleg kennsla lýsir sér best sem félagsfærni og tjáning kennd í „náttúrulegu“ umhverfi þar sem leitast er til náttúrulegrar umbunar. Ávallt er fylgt frumkvæði barnsins og grípum við þau tækifæri sem gefast ásamt því að lesa vel í hegðun barna. Náttúruleg kennsla snýst um það hvað við ætlumst til af barninu og að við viljum kenna því færni til bættrar hegðunar eða hjálpa því til að ná markmiði sínu á jákvæðan hátt. Haft er í huga að barnið sjálfst stýrir þó ferðinni og þannig lesum við í hegðun barnsins. Barnið er ávallt nálgast með það í huga á hvaða þroskastigi það er statt.





Stjórnun	
Umbótaþáttur/matsþáttur. Stjórnun	Móttaka nýrra starfsmanna
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að vera með virka móttökuáætlun.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildarstjórar taka á móti og þjálfa nýtt starfsfólk í samvinnu við annað starfsfólk á deildinni.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst september 2024. Lokið maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarstjórafundum. Í starfsmannaviðtölum leikskólastjóra
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að nýtt starfsfólk sé tekið í viðtal allt að fjórum sinnum

Uppeldis- og menntastarf	
Umbótaþáttur/matsþáttur. Uppeldis og menntastarf.	Náttúruleg kennsla/virðing 
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Innleiða náttúrulega kennslu inn í skólastarfið og að allir starfsmenn vinni að sama markmiði.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að starfsfólk tileinki sér hugmyndafræði Náttúrlegrar kennslu og vinni eftir henni. Allt starfsfólk sækir námskeið í Náttúrlegri kennslu
Ábyrgð	Leikskólastjóri og allt starfsfólk
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst september 2024 og lýkur maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Reglulega á deildarfundum og deildarstjórafundum





(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsfólk tileinki sér að vinna eftir Náttúrulegri kennslu þegar taka þarf á óæskilegri hegðun. Setningar/frasar sem starfsfólk og börn nota í samskiptum Samskipti sem einkennast af virðingu

Mannauður/leikskólabragur.	
Umbótaþáttur/matsþáttur mannaúður/leikskólabragur.	Fræðsla og endurmenntun
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsfólk fái að vita hvaða námskeið og fræðsla eru í boði fyrir það.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að senda tölvupóst til starfsfólks með auglýsingum um námskeið ásamt því að hengja upp auglýsingar á kaffistofunni eða setja inn á lokaðan hóp starfsfólks á facebook. Að bjóða upp á gagnleg og fræðandi erindi á skipulagsdögum.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst haust 2024. Lýkur vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Endurmetið á deildarstjórafundum
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að starfsfólk fái sem fjölbreyttustu fræðslu sem í boði er.





Innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur. Innra mat	Starfsmannaviðtöl
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að starfsmaður geti komið á framfæri hvernig honum líður í vinnunni og hvaða símenntun hann hefur áhuga á.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Leikskólastjóri skipuleggur tíma sem hentar starfi leikskólans hverju sinni.
Ábyrgð	Leikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst janúar 2025. Lýkur vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Á deildarstjórafundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að allt starfsfólk fari í viðtal við leikskólastjóra einu sinni á ári.

Innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur. Innra mat)	Viðtöl deildarstjóra við starfsfólk deilda
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að deildarstjóri taki viðtöl við starfsfólk á sinni deild í desember
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildarstjóri setur upp viðtöl við hvern og einn. Farið er yfir líðan og starf hvers og eins á deildinni.
Ábyrgð	Deildarstjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst desember 2024. Lýkur desember 2024
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarstjórafundum





Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að allt starfsfólk fari í viðtal við sinn deildarstjóra.
--	--


4 Innra mat deildar/deilda 2023-2024

4.1 Álfaberg

Börn fædd 2021 og 2022

Jóga

- **Styrkleikar:** Höldum áfram að kynna jóga fyrir börnunum. Farið var yfir öndun og slökun og var þeim kennt að anda inn og út eftir jógabolta, lykta af blómi og blása á kerti og kenndum þeim slökun með snerti æfingum. Þeim finnst þessar æfingar mjög skemmtilegar og er jóga komið til að vera.
- **Tækifæri til umbóta:** Í haust ættlum við að fara í teygjuæfingar og fara yfir þetta markvisst 4x í viku í morgunsamveru.

Álfaberg 2-3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Jóga 
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Stuðla að betri andlegri og líkamlegri vellíðan barnanna sem skili sér í betri einbeitingu og slökun yfir daginn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með reglulegum og föstum jóga-stundum sem verða í morgunsamveru allavega 4 daga vikunnar.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt öllu starfsfólki deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst október 2024. Lýkur maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið	Deildarfundir notaðir til að meta jógastundirnar og skoðað hvort börnin verða leiknari í því að finna sitt eigið jafnvægi






(t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Starfsfólk fylgist með virkni og þátttöku barnanna í stundunum og notast verður við myndaskráningu.

Sköpun og sjálfsefning

- **Styrkleikar** : Það má nánast segja að sköpunin í listinni hafi verið mörgum ef ekki flestum alveg ný, sumir voru feimnir til að byrja með en gaman var að sjá hvað þau efldust og voru öruggari og áhugasamari eftir áramótin.
- **Tækifæri til umbóta**: Í vetur ætlum við að bjóða upp á meira úrval af verðlausum efnivið og hafa hann oftari í boði.

Álfaberg 2-3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Sköpun og sjálfefning 
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Efla sjálfsöryggi og sköpun. Að barnið sýni frumkvæði og kynnist ólíkum efnivið
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Boðið verður upp á ólíkan/verðlausan efnivið í listsköpun. Barnið er hvatt til þess að prófa sig áfram og nota hugmyndaflugið. Barnið sýnir/segir frá verkefnum sínum
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt öllu starfsfólki deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst október 2024. Lýkur aÍ 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Allt skráð í ferilmöppur barnanna. Metið einu sinni í mánuði á deildarfundum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Ýmis verkefni unnin úr ólíkum efnivið. Barnið sýnir með stolti verkefni sín á veggjum skólans





Náttúruleg kennsla

Náttúruleg kennsla verður áfram útgangspunktur deildarinnar. Sjáum við miklar framfarir í samskiptum. Eins voru sett upp upplýsingablöð fyrir starfsfólk hjá matarborðum með frösom/setningum sem það getur notað. Þegar nýr starfsmaður byrjar eru frasarnir kynntir fyrir þeim og fá að sjá myndbönd frá Báru sálfræðingi. Allt starfsfólk tekur þátt í að gera bækling um náttúrulega kennslu í Hömrum sem styrkir það í notkun frasanna/setninganna.

- **Styrkleikar:** Gekk ágætlega síðasta vetur. Starfsfólk og börn voru dugleg að nota frasana sína. Við erum að sjá miklar framfarir í fataklefa og börnin biðja um aðstoð og eru ekki að nota væl.
- **Umbætur:** Við erum búin að vera að taka okkur á með náttúrulega kennslu í matartíma og eru börnin að leggja orð á allt. Gott væri að fá Báru meira inn í áhorf og til að leiðbeina starfsfólki og eins væri gott að starfsfólk færi á námskeið hjá henni. Eins að allir fái tækifæri til að horfa á fyrirlestra um náttúrulega kennslu.

Álfaberg 2-3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Náttúruleg kennsla/virðing
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Innleiða uppeldisstefnu um náttúrulega kennslu í starf leikskólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	-Fyrirlestrar -Leiðsögn sálfræðings -Æfingar -Starfsmenn vinna í hópum
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt starfsfólki deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst ágúst 2024. Lýkur maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt starfsfólki deildarinnar





Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	-Frasar sem starfsfólk og börn nota í samskiptum -Samskipti sem einkennast af virðingu. -Bæklingur Hamra fullbúinn.
--	---

4.2 Dvergasteinn

Börn fædd 2021 og 2022

Sjálfsfelling og sköpun:

- **Styrkleikar:**

Í listasmiðjunni lögðum við áherslu á að hvert barn fengi að njóta sín og fengi þann tíma sem það þyrfti í að skapa. Einungis eitt barn fór í einu í listasmiðjuna. Börnin gátu valið á milli ólíks efniviðs, einnig mikið um verðlausan efnivið. Teknar voru myndir af barninu í listsköpun og það svo skráð sem að barnið vildi/sagði frá myndverkinu sínu. Starfsfólk var mjög samstíga við að hafa val t.d. um efnivið/blöð til að mála á og annað. Umbótaáætlun er lokið en við munum halda áfram sama fyrirkomulagi næsta skólaár.

Dvergasteinn 2-3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Sjálfsþrottinn leikur
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að skapa leikumhverfi sem hvetur til sjálfsþrottins leiks. Útvíkka leikinn og gefa þeim rými til að þróa leikinn
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Útbúa góð leikrými og skipta barna-hópnum niður í smærri hópa. Gefa leiknum meiri tíma í dagsskipulaginu. Hlutverk kennara er að vera til staðar, styðja við leikinn á forsendum barnanna og hjálpa þeim að útvíkka leikinn út frá þeirra hugmyndum.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir framkvæma
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst september 2024. Lýkur maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Börnin una sér lengur í leik og hann þróast áfram. Skráning og ljósmyndir sett í ferilmöppu barnsins.





Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börnin eru stjórnendur leiksins og ákveða sjálf að leika og hvar og hvenær leikurinn fer fram. Að þau verði áhugasöm að útvíkka leikinn.
--	--

Náttúruleg kennsla:

- **Styrkleikar:**

Deildarfundir voru vel nýttir til að skapa umræðu og samræma okkur starfsfólkið. Fengum góða leiðsögn frá Báru K. Gylfadóttir sálfræðingi sem við nýttum okkur mjög vel. Ákváðum ákveðna frasa sem við notuðum í samskiptum við börnin og kenndum börnunum að nota sín á milli.

Dvergasteinn 2-3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Náttúruleg kennsla – virðing
	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Halda áfram að innleiða uppeldisstefnu um náttúrulega kennslu í starf leikskólans með samskipti barnana að leiðarljósi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Nýta áfram leiðsögn frá Báru. Lesa þarf í aðstæður í samskiptum barna að hverju sinni og leiðbeina börnunum í samskiptum.
Ábyrgð	Deildarstjóri, en allir framkvæma
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst september 2024. Lýkur maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Farið yfir á deildarfundum, starfsdögum og horft á myndbönd frá Báru.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem	Börnin verði sjálfstæðari í samskiptum við hvort annað. Þori að nota eigið frumkvæði í sam-skiptum hvort sem er stök orð, setning eða tákni fer eftir hverju barni fyrir sig.





stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Samskiptin verði já-kvæðari og læri að bera virðingu fyrir hvort öðru. Bæklingur um náttúrulega kennslu í Hömrum fyrir foreldra og starfsfólk.
---	--

Dvergasteinn 2-3 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Sjónrænt skipulag
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Taka upp sjónrænt dagsskipulag, vinna með það yfir allan veturinn.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Búið er að gera dagskipulagið. Allir starfsmenn þurfa að gera sér grein fyrir mikilvægi skipulagsins og nota það daglega
Ábyrgð	Deildarstjóri og allir framkvæma.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst september 2024. Lýkur maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Reglulegt mat á deildarfundum. Farið yfir hvernig gengur, unnið úr hindrunum.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin fái tækifæri til að fylgjast betur með deginum og hvað framundan er. Verði öruggari í leikskólanum.

4.3 Hulduhóll

Börn fædd 2020 og 2021

Einingakubbar


Ágætlega gekk að vinna með þennan þátt til að byrja með á síðasta ári. Skráningar voru gerðar og fóru í ferilmöppur barnanna. Við ákváðum að vinna áfram með einingakubba eins og gert var skólaárið á undan. Með einingakubbunum leggjum við inn mismunandi form og stærðfræði. Á síðasta ári var áhugi barnanna mismunandi á kubbunum og verður það í umbótaáætlun að starfsfólk komi með nýjan efnivið inn í kubbavinnuna. Starfsfólk var duglegt





við skráningar á kubbunum og nýtti sér undirbúningstíma til að skrá og setja í ferilmöppur barnanna.

- **Styrkleikar:** Gekk vel í byrjun skólaárs. Við vorum dugleg í skráningum þegar áhuginn á kubbunum var til staðar. Þessar stundir eru frábærar til að skrá áhuga og atferli barnanna.
- **Umbótaáætlun:** Byrja með fáa kubba og auka svo við þegar líður á veturinn. Setja inn annan efnivið með til að viðhalda áhuganum.

Hulduhóll 3 og 4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Einingakubbar 
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin læri að þekkja og búa til mismunandi form og myndur. Þjálfra stærðfræði hugsun.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Vinna markvisst með verkefni úr kubbunum. Gefa leiknum góðan tíma.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt starfsfólki deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst september 2024. Lýkur maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Skrá ferlið og endurmeta á deildarfundum. Taka reglulega myndir og skrá í ferilmöppur barnanna.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að börnin geti nýtt sér tölur í leik og starfi. Einnig að vinnan auki hugtakaskilning barnanna.

Sköpun og sjálfsefning

Höldum áfram að vinna með sköpun í listasmiðju og inni á deild. Nota meira verðlausan efnivið og kynna fyrir börnunum. Börnin gerðu öll sín verkefni í listasmiðju og voru skráningar settar í ferilmöppur barnanna. Með sköpun örvast og þroskast ímyndunarafli barnanna mikið.





- **Styrkleikar:** Skráningar voru gerðar og settar í ferilmöppur barnanna og eins voru listaverk hengd upp á vegg. Ímyndunarafl barnanna örvast og þroskast mikið.
- **Umbótaáætlun:** Ætlum við að halda áfram næsta vetur en bæta okkur í að finna efnivið og koma með hugmyndabanka fyrir starfsfólk. Nauðsynlegt er að passa uppá að merkja verkefni barnanna.

Hulduhóll 3 og 4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Sköpun og sjálfsefning
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Börnin þjálfist í því að skapa eigin verkefni og kynnist ólíkum efniviði í listsköpun.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Börnin eru hvött til þess að prófa sig áfram í listsköpun, nota hugmyndaflugið. Kennarar eru vakandi fyrir því að bjóða upp á ólíkan efnivið í listasmiðju. Kennarar styðja börnin í því að útfæra og koma hugmyndum sínum í framkvæmd.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt starfsfólki deildarinnar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst september 2024. Lýkur maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Vinna barnanna er skráð í máli og myndum og safnað í ferilmöppu þeirra. Einnig er vinnan sýnileg á veggjum leikskólans.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börnin eiga skráningar í feril-möppunni þau eiga verkefni unnin úr ólíkum efnivið. Börnin sýna verkefni sín með stolti.

Jóga


- **Styrkleikar:** Gekk vel sérstaklega fyrri part vetrar. Börnin voru mjög spennt að fara í jógastund og sóttu í að fá að fara þangað. Þegar það fór að vora þá fóru þær að detta





meira niður. Öll börn fóru í jógastund tvisvar í viku, þ.e. að þau fóru annan hvern dag í jóga og hinn daginn í morgunsamveru.

- **Umbótaáætlun:** Við þurfum að halda áfram allt árið um kring og passa að þessar stundir detti ekki niður. Jógastundirnar fara fram í vetur í samverustundum.

Hulduhóll 3 og 4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Jóga 
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Auka andlega vellíðan barnanna með aukinni þekkingu á samspili hugar og líkama
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Börnunum skipt í litla hópa og hafa jógastund á hverjum degi þannig að hvert barn fari annan hvern dag.
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt starfsfólki deildarinnar Verður á vaktaplani
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst september 2024. Lýkur maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Ræða á deildarfundum hvernig gengur og hvað má gera betur.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Börn upplifa mikla ánægju í gegnum jóga. Þessir þættir eru mikilvægir þegar kemur að núvitund, ró og að hlusta á eigin líkama.

Náttúruleg kennsla.

Náttúruleg kennsla verður áfram útgangspunktur deildarinnar. Sjáum við miklar framfarir í samskiptum. Eins voru sett upp upplýsingablöð fyrir starfsfólk hjá matarborðum með frösum/setningum sem það getur notað. Þegar nýr starfsmaður byrjar eru frasarinn kynntir fyrir þeim og fá að sjá myndbönd frá Báru sálfræðingi. Allt starfsfólk tekur þátt í að gera bækling um náttúrlega kennslu í Hömrum sem styrkir það í notkun frasanna/setninganna.





- **Styrkleikar:** Gekk ágætlega síðasta vetur. Starfsfólk og börn voru dugleg að nota frásana sína. Börnin á Hulduhól hafa töluvert mikið mál svo þau eru dugleg að biðja um hlutina. Við erum að sjá miklar framfarir í fataklefa og börnin biðja um aðstoð og eru ekki að nota væl.
- **Tækifæri til umbóta:** Við erum búin að vera að taka okkur á með náttúrulega kennslu í matartíma og eru börnin að leggja orð á allt og skammta sér sjálf að einhverju leiti. Gott væri að fá Báru meira inn í áhorf og til að leiðbeina starfsfólki og eins væri gott að starfsfólk færi á námskeið hjá henni. Eins að allir fái tækifæri til að horfa á fyrirlestra um náttúrulega kennslu.

Hulduhóll 3 og 4 ára	
Umbótaþáttur/matsþáttur	Náttúruleg kennsla
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Halda áfram að innleiða uppeldis-stefnu um náttúrulega kennslu í starf leikskólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	-Fyrirlestrar -Leiðsögn sálfræðings -Æfingar -Starfsmenn vinna í hópum
Ábyrgð	Deildarstjóri ber ábyrgð ásamt starfsfólki deildarinnar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst september 2024. Lýkur maí 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	-Matslistar -umræður á starfsdögum og deildarfundum.
